

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í maímánuði 1968.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að eiga hlutdeild að hinum sérstaka yfirdráttar-reikningi (og yfirdráttarréttindum) hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem um ræðir í breytingum þeim og viðaukum við stofnskrá sjóðsins, er í 1. gr. getur. Skal Seðla-bankinn vera fjárhagslegur aðili að reikningnum fyrir ríkisins hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.